

Fundargerð

Þriðji fundur samstarfshóps um fyrirhugaða friðlýsingu Fjaðrárgljúfurs.
Haldinn á Teams, þann 14. mars 2024 kl 13:00.

Þátttakendur:

Davíð Örvar Hansson og Ragnheiður Björk Sigurðardóttir f.h. Umhverfisstofnunar.

Uggi Ævarsson f.h. Minjastofnunar.

Steinar Kaldal f.h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

Auður Guðbjörnsdóttir f.h. Skaftárhrepps.

Brynjólfur Baldursson f.h. landeiganda Heiðar.

Markmið fundar

Fara yfir athugasemdir á kynningartíma áforma.

Fara yfir drög að skilmálum fyrir friðlýsta svæðið.

Ræða afmörkun.

Næstu skref.

Fundarefni

- Davíð kynnti innsendar athugasemdir frá áformakynningu, en auglýsing fór í loftið 12. febrúar og var gefinn frestur til og með 11. mars til að senda inn athugasemdir. Á tímabilinu bárust 5 athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Landvernd, Samgöngustofu, Skotvís, Náttúrufræðistofnun Íslands og Vegagerðinni. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga en þeim er svarað í greinargerð.*
- Davíð kynnti friðlýsingarskilmála. Skilmálar höfðu verið bornir undir landeigendur og þeir sendir í yfirlestur innan UST og URN áður en þeir voru sendir á samstarfshóp 13.3.2024. Rætt var um einstök atriði og gerðar minniháttar breytingar á orðalagi. Uggi bennti á mikilvægi þess að fyrir framkvæmdir á svæðinu færi fram skráning á fornminjum innan svæðisins og benti á að minjar væri einnig að finna utan svæðisins sem hafa að öllum líkindum mikið menningarsögulegt gildi. Uggi taldi æskilegt að farið yrði í allsherjar skráningu á svæðinu strax í upphafi. Davíð sagði ekki æskilegt að fjalla um skráningu menningarminja í friðlýsingarskilmálum en slík umfjöllun ætti frekar heima í stjórnunar- og verndaráætlun. Rætt var um notkun dróna innan svæðisins en frekari umræðum um takmarkanir á notkun dróna á svæðinu vísað í stjórnunar- og verndaráætlanagerð.*
- Rætt stuttlega um afmörkun, landeigendur gera ekki athugasemdir við núverandi hugmyndir að afmörkun svo haldið verður áfram út frá þeirri afmörkun sem kynnt var í áformakynningu.*
- Davíð upplýsir að ef ekki koma athugasemdir er það vilji landeigenda og UST að setja skilmálana í kynningu sem fyrst en lögum samkvæmt verður kynningartími 6 vikur. Samstarfshópi gefið tækifæri til 13:00 þann 15.3.2024 til að gera athugasemdir við skilmála, eftir það verða skilmálar teknir til afgreiðslu hjá UST og kynning undirbúin. Enginn andmælti því verklagi.*

Næstu skref

- Davíð hreinskrifar skilmála og sendir skilmála á samstarfshópinn.
- UST tekur skilmála til afgreiðslu og undirbýr kynningu í 6 vikur.
- Næsti fundur samstarfshóps að liðnum kynningartíma.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:45.

